

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 417/1994.

Íslenska ríkið

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

gegn

Guðrúnu V. Sverrisdóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

og gagnsök

Friðhelgi einkalífs. Skaðabætur. Líkamstjón. Örorkumat.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1994. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara verulegrar lækkunar dæmdra fjárhæða og niðurfellingar málskostnaðar á báðum dómstigum.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 25. október 1994. Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 5.314.400 krónur með sömu vöxtum og greindi í kröfugerð fyrir héraðsdómi. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nýr örorkutjónsútreikningur frá 26. júní 1995 hefur verið lagður fyrir Hæstarétt.

I.

Í þessu máli þykir ekki reyna á það, hvort starfsemi meðferðarheimilisins að Sæbraut 2 á Seltjarnarnesi hafi að einhverju leyti verið ólögmat í júní 1991 og aðaláfrýjandi beri af þeim sökum fébótaábyrgð á því, sem úrskæiðis kann að hafa farið við vörslu vistmanna. Eins og málið liggur fyrir, verður það til lykta leitt á grundvelli almennra skaðabótareglna.

II.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Eins og þar kemur fram, kom til stimpinga í dyrum heimilis gagnáfrýjanda að Sæbraut 3 7. júní

1991 milli hennar og starfsmanns meðferðarheimilisins, er hugðist freista þess að ná aftur umráðum vistmanns, sem kominn var inn á heimili gagnáfrýjanda. Starfsmaðurinn setti fót sinn milli stafs og hurðar og varnaði því þannig, að gagnáfrýjandi gæti lokað dyrunum. Af skýringum starfsmannsins má ráða, að hann hafi viljað fá ráðrúm til að tala um fyrir gagnáfrýjanda, sem synjaði honum þess að ná í vistmanninn. Voru viðbrögð gagnáfrýjanda í samræmi við bréf, sem hún og eiginmaður hennar höfðu ritað félagsmálaráðherra 20. maí 1991 og rakið er í héraðsdómi. Hins vegar verður að telja ósannað, að starfsmaðurinn hafi reynt að ryðjast inn á heimili gagnáfrýjanda til þess gagngert að koma höndum yfir vistmanninn. Í því sambandi er þess að gæta, að hurðin opnaðist inn í húsið, og verður að ætla, að hann hefði þá getað haft í fullu tré við gagnáfrýjanda, sem lýsti honum í lögregluskýrslu og fyrir dómi sem „herðum og höfði hærri“ en hún er sjálf. Á hinn bóginn var starfsmanninum óheimil sú valdbeiting, sem hann þó hafði í frammi, og raskaði hann umráðarétti gagnáfrýjanda yfir heimili sínu og friðhelgi þess. Á því ber aðaláfrýjandi fébótaábyrgð, enda verður að telja nægilega í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hafi hlotið meiðsl af þessum átökum, en álitserð læknaárðs 12. febrúar 1994 er þeirri niðurstöðu til styrktar.

III.

Starfsmaður meðferðarheimilisins var í lögmætum erindagjörðum, þegar hann knúði dyra hjá gagnáfrýjanda umrætt sinn, en vistmenn heimilisins sæta lögboðinni umsjón starfsmanna þess. Hann hafði ástæðu til að ætla, að vistmaðurinn gæti að minnsta kosti orðið sjálfum sér skeinuhættur og væri líklegur til að valda spjöllum, ef hann færi sínu fram hindrunarlaust, þar til lögregla gæti verið komin á vettvang. Þetta hlaut gagnáfrýjanda að vera ljóst, þótt hún kysi fremur að taka áhættu af því að hafa vistmanninn innan dyra um sinn en verða við erindi starfsmannsins. Verður að telja, að viðbrögð gagnáfrýjanda hafi ekki verið hæfileg með tilliti til hinna sérstöku aðstæðna, sem skapast höfðu, þannig að meiðsl hennar verði að hluta rakin til eigin óvarkárni. Þykir því rétt, að hún beri sjálf þriðjung tjónsins.

IV.

Eins og rakið er í héraðsdómi voru álitaefni lögð fyrir læknað, og örorkumat gagnáfrýjanda var endurskoðað til hækkunar. Með hliðsjón af því og aðstæðum að öðru leyti þykir ekki rétt að fallast á vaxtakröfur gagnáfrýjanda, eins og þær voru fram settar í héraði og hafa verið ítrekaðar hér fyrir dómi. Í samræmi við málflutning gagnáfrýjanda verða bótafjárhæðir henni til handa því ákveðnar á grundvelli nýs örorkutjónsútreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings frá 26. júní 1995. Í honum eru sömu forsendur lagðar til grundvallar og áður að öðru leyti en því, að eftir útreikningsdag eru notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir í stað 6% vaxta. Niðurstöður útreikningsins miðað við slysdag eru eftirfarandi:

1. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps:	
a) vegna tímabundinnar örorku	kr. 229.100
b) vegna varanlegrar örorku	- 3.330.500
	<u>Samtals kr. 3.559.600</u>
2. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	kr. 199.800
3. Höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna heimilisstarfa:	
a) vegna tímabundinnar örorku	kr. 143.600
b) vegna varanlegrar örorku	- 2.087.800
	<u>Samtals kr. 2.231.400</u>

V.

Sú niðurstaða héraðsdóms verður staðfest, að eigi séu efni til að fallast á kröfu gagnáfrýjanda um bætur vegna vinnutekjutaps utan heimilis af völdum tímabundinnar örorku. Henni verða á hinn bóginn dæmdar bætur fyrir vinnutekjutap vegna varanlegrar örorku og töpuð lífeyrisréttindi. Fram er komið, að gagnáfrýjandi var í 40% starfi sem hjúkrunarfræðingur, þegar hún slasaðist, og hefur höfuðstólsverðmæti vinnutekjutapsins verið áætlað samkvæmt því. Þykir þá rétt, að hún njóti jafnframt bóta vegna skertrar orku til heimilisstarfa. Við áætlun tekjutaps vegna þeirra er miðað við, að þau séu stunduð eingöngu. Fær gagnáfrýjandi því 60% hins áætlaða tekjutaps vegna heimilisstarfa af völdum tímabundinnar og varanlegrar

örorku. Samkvæmt dómvenju er rétt, að bætur vegna varanlegrar örorku sæti frádrætti vegna hagræðis við eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra.

Bætur vegna miska þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónur.

Samkvæmt þessum forsendum og þeirri sakarskiptingu, sem áður greindi frá, verður aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 2.500.000 krónur með vöxtum, sem greindir eru í dómsorði.

Aðaláfrýjandi skal greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir. Hefur þá verið tekið tillit til útlagðs kostnaðar, en ekki til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, íslenska ríkið, greiði gagnáfrýjanda, Guðrúnu V. Sverrisdóttur, 2.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 7. júní 1991 til 26. júní 1995, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 650.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. júlí 1994.

1. Ár 1994, mánudaginn 18. júlí, er í Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara kveðinn upp dómur í máli nr. E-8383/1992, sem var þingfest 8. 10. 1992 og dómtekið 20. f. m.

Stefnandi er Guðrún V. Sverrisdóttir, kt. 110343-2059, Sæbraut 3, Seltjarnarnesi.

Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi krefur stefnda skaða- og miskabóta, að fjárhæð 5.314.400 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum]. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu að við bættum virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi hennar að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

2. Frá málsatvikum greinir þannig í stefnu:

„Haustið 1989 hóf félagsmálaráðherra rekstur meðferðarheimilis fyrir einhverfa unglinga í húsinu nr. 2 við Sæbraut á Seltjarnarnesi, en hús þetta

stendur gegnt húsi stefnanda og fjölskyldu hennar við götuna. Fljótlega kom í ljós, að þessari starfsemi fylgdi verulegt ónæði fyrir íbúðarbyggðina í nágrenninu vegna hegðunar vistmanna. Leituðu þeir m. a. inn á lóðir og inn í hús nágrennanna.

Stefnandi og fjölskylda hennar urðu mjög fyrir þessu ónæði. Sneri stefnandi sér fyrst til félagsmálaráðherra með bréfi 25. apríl 1990. Bar það engan árangur. Aðrir íbúar hverfisins urðu einnig fyrir þessu. Þróudust mál með þeim hætti, að íbúarnir tóku sig saman um að krefjast þess, að starfsemi stefnda yrði flutt á braut. Stóð í stappi um þetta við bæjaryfirvöld og félagsmálaráðherra allt fram á vor 1991. Allan þann tíma urðu aftur og aftur ýmiss konar atvik, sem ollu miklu ónæði. Liggja fyrir lögregluskýrslur um mörg þeirra. Þar kom, að stefnandi og eiginmaður hennar, Guðmundur J. Guðjónsson, skrifuðu félagsmálaráðherra bréf eftir atvik, sem varð á lóð þeirra 19. maí 1991. Í bréfinu, sem dagsett er 20. maí 1991, segir m. a. svo:

„Síendurtekinn átroðningur vistmanna á heimilislíf okkar er með öllu óbærilegur. Ofan á það bætist hróp og hlaup gæslumanna á eftir þeim um garðinn hjá okkur. Sleppi vistmenn af Meðferðarheimilinu Sæbraut 2 framvegis, er það krafa okkar, að starfsmenn þess komi ekki í óleyfi og óþökk inn á lóð Sæbrautar 3, heldur kalli til lögreglu.“

Enn fremur segir svo í bréfinu:

„Við undirrituð, húseigendur Sæbrautar 3, Seltjarnarnesi, tilkynnum hér með félagsmálaráðuneytinu, að starfsfólki Meðferðarheimilisins að Sæbraut 2, er með öllu óheimill umgangur um lóð okkar að Sæbraut 3.“

Afrit af þessu bréfi var m. a. sent forstöðukonu meðferðarheimilisins.

Á þessum tíma hafði verið ákveðið af ýmsum íbúum hverfisins að láta reyna á lögmæti starfseminnar að Sæbraut 2 fyrir dómstólum. Varð það úr, að stefnandi þessa máls og eiginmaður hennar skyldu höfða mál í því skyni, sem stutt væri af íbúum annarra húsa í nágrenninu. Var það mál höfðað og þingfest á bæjarþingi Seltjarnarness 18. júní 1991. Í þann mund, er mál-sóknarskjöl þess máls voru í burðarliðnum, urðu síðan þeir atburðir, sem orðið hafa tilefni þessarar málsóknar.

Hinn 7. júní 1991 slapp einn vistmanna úr vörslum og komst inn í hús stefnanda að Sæbraut 3. Starfsfólk meðferðarheimilisins kallaði til lögreglu, eftir að því hafði verið bent á, að það bæri því að gera. Áður en lögreglan kom á staðinn, leitaði þó gæslumaður frá meðferðarheimilinu, Hannes Guðrúnarson, inngöngu í hús stefnanda. Í samræmi við efni bréfsins frá 20. maí 1991 neitaði stefnandi honum inngöngu. Beitti maðurinn þá ofbeldi við að reyna að brjótast inn í húsið. Kom til átaka milli hans og stefnanda í dragættinni með þeim afleiðingum, að stefnandi hlaut líkamsmeiðsli, mar-

bletti, eymsli og hálsríg, en þó einkum áverka á hægri hné. Þurfti hún að gangast undir skurðaðgerð á hnénu 9. júlí 1991, sem Bragi Guðmundsson læknir framkvæmdi. Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis 24. júní 1992 er stefnandi talin hafa hlotið frá slysinu í þrjá mánuði 100% örorku og síðan varanlega örorku 15%.

Í stefnu er síðan frá því greint, að á grundvelli örorkumats hafi Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur reiknað út fjárhagslegt tjón stefnanda 20. júlí 1992. Samdægurs hafi félagsmálaráðherra verið sent kröfubréf um greiðslu bóta, að fjárhæð 3.527.900 kr. (tímabundin og varanleg örorka 1.782.700 kr., töpuð lífeyrisréttindi 93.500 kr., tjón vegna heimilisstarfa 1.151.700 kr., miskabætur 500.000 kr.). Þessum kröfum hafi félagsmálaráðherra hafnað með bréfi, dags. 20. ágúst 1992.

Í greinargerð stefnda segir, að mjög sé orðum aukið, að verulegt ónáði hafi fylgt heimilinu að Sæbraut 2 fyrir íbúðarbyggðina í nágrenninu. Það hafi einkum verið einn drengur, Þórður Jónsson (f. 2. 6. 1976), sem hafi sótt í að komast inn í húsið Sæbraut 2. Hins vegar hafi verið viðurkennt, að nágrannar meðferðarheimilisins hefðu orðið fyrir nokkru ónáði og að réttmætt væri að bæta úr því. Í árslok 1990 hafi tekist að hrinda í framkvæmd áætlunum um úrbætur að undanskildum flutningi Þórðar Jónssonar. Vísað er til fram lagðra lögregluskýrslna um það, að stefnandi hafi kallað lögreglu til vegna lítillfjörlegra atvika, sem upp komu varðandi íbúa Sæbrautar 2. Þau atvik hefðu allt eins getað tengst heilbrigðum börnum og þá ekki orðið tilefni lögregluútkalla.

Er atburðir þeir gerðust 7. júní 1991, sem málsóknin er risin af, voru aðstæður þær, að kl. um 10 eru þrír starfsmenn meðferðarheimilisins, þ. á m. Ragnheiður L. Skúladóttir og Hannes Guðrúnarson, ásamt Þórði Jónssyni og tveimur öðrum heimilismönnum að tygja sig af stað í sund, þegar stefnandi kemur út úr húsi sínu til að flegja rusli og skilur dyrnar eftir opnar. Þórður tekur þá skyndilega á rás yfir götuna, upp stéttina að heimili stefnanda og kemst inn í anddyri. Ragnheiður L. Skúladóttir hleypur á eftir honum, staðnæmist við þröskuldinn og hyggst ná til sín piltinum, sem svarar ekki kalli, en stefnandi meinar henni það, segir henni að fara og hringja á lögreglu og lokar dyrunum.

Ragnheiður fór að Sæbraut 2, en Hannes Guðrúnarson fór að heimili stefnanda og knúði dyra til að freista þess að ná piltinum. Stefnandi neitaði því og hugðist láta hurðina aftur. Um framhaldið segir í greinargerð: „Hann setti þá fót á milli til að varna því og reyndi að tala um fyrir henni. Því er algjörlega vísað á bug, að hann hafi beitt stefnanda ofbeldi með því að reyna að brjótast inn í hús hennar. Engu slíku var til að dreifa. Hins vegar

urðu stimpingar með hurðina, þar sem hann leitaðist við að halda hurðinni opinni með því að ýta á móti, er stefnandi reyndi að loka henni á hann. Kannast hann ekki við að hafa lagt hendur á hana. Stefnandi, sem var orðin mjög æst, réðst sjálf til atlögu gegn honum með því að ýta við honum og sparka í hann. Er Hannesi varð ljóst, að tilgangslaust var að reyna að tala stefnanda til, hrökklaðist hann frá. Þegar þannig var fullreynt, að stefnandi ætlaði ekki að sleppa drengnum sjálfviljug út úr húsinu þrátt fyrir tilmæli starfsmanna þar að lútandi, hringdi forstöðukona meðferðarheimilisins í lögreglu. Stóð frelsisskerðing drengsins í um tuttugu mínútur, er lögreglan kom á vettvang.“

Samkvæmt sjúkraskrá Heilsugæslustöðvarinnar á Seltjarnarnesi var læknir kallaður til stefnanda af nágrönnunum Höllu og Karli 7. 6. 1991, eftir að búið var að fjarlægja vistmann á Sæbraut 2. Stefnandi og dóttir hennar hafi verið grátandi og miður sín. Greint er frá marblettum á miðjum hægri framhandlegg, verkjum og eymslum í vinstri mjaðmarspaða, verk í vinstri öxl og hálsi, eymsli í vinstri herðavöðvafestum og verkjum við alla „rotatio-flexio“ í hálsi.

Í málinu liggur frammi vottorð Braga Guðmundssonar læknis, dags. 9. 6. 1991, um vitjun til stefnanda þann dag kl. 20. Kvartanir eru sagðar hafa verið verkir og bólga í hægri hné, stíðleiki við hreyfingu og verkir í hægri framhandlegg og vinstra upphandlegg. Stefnandi rakti áverka til framan-greinds atviks. Hún hafi staðið við útidyr sínar og hurðin gengið í hné henni, svo að hún hafi orði fyrir höggi og þrýstingi frá henni, jafnframt því sem gæslumaðurinn hafi ýtt á handlegg hennar. Obj. skoðun: „Sj. er hölt og á erfitt með að ganga stiga og getur ekki beygt h. hné meira en í 70 gr. Það er verulegur hydrops í hægri hnélið og einnig í þræpateller bursu h. megin. Direkte og indirekte eymsli yfir mediala liðbili. Þá er nær lófastór marblettur volart um miðjan h. framhandlegg og þar eru palpations-eymsli. Tveir marblettir eru á vinstra upphandlegg.“

3. Við skýrslutöku af Hannesi Guðrúnarsyni hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík 12. 6. 1991 er m. a. eftir honum haft: „Guðrún kom til dyra, og bar ég upp erindi mitt og bað um að fá að taka drenginn. Guðrún neitaði þessu. Ég setti fótinn á milli stafs og hurðar, þar sem Guðrún ætlaði að loka hurðinni á mig. Eftir að nokkur orðaskipti höfðu farið fram á milli mín og Guðrúnar, fór hún að verða æst. Ég viðurkenni, að ég ýtti á móti, er hún reyndi að loka hurðinni. Guðrún sparkaði í mig, og eins og fyrr segir, var hún orðin mjög æst. Ég neita því alfarið að hafa lagt hendur á Guðrúnu. Guðrún hélt áfram að ýta við mér til þess að geta lokað hurðinni, og

þá gerði ég mér það ljóst, að þetta myndi verða tilgangslaust, og gaf eftir, og náði Guðrún að loka útidyrhurðinni.“

Verður nú greint frá skýrslum hér fyrir dómi.

Stefnandi skýrði svo frá, að hún hefði farið 8 – 9 metra frá útidyrhurðinni með rusl, en um leið og hún hefði snúið sér við eftir að hafa hent því, hefði hún séð Þórð Jónsson taka á rás að húsinu. Fyrr kvaðst hún ekki hafa tekið eftir, að fólk frá meðferðarheimilinu væri úti við. Hún kvaðst þegar hafa hlaupið á eftir honum og komið að dyrunum á undan Ragnheiði Skúladóttur, sem hafi komið í sömu svipan, en Þórður hafi þá verið kominn inn í húsið. Síðan orðrétt: „Þessi stúlka, Ragnheiður heitir hún víst, hún fór síðan, og þetta skeði allt með svo miklum hraða, en mér finnst þá strax, að ég hafi heyrt dóttur mína, sem var ellefu ára gömul, vera farna að gráta. Hún var ein inni í eldhúsi, og hann var kominn inn í eldhús, beina leið, pilturinn. Annaðhvort var bankað eða hringt dyrabjöllu, eiginlega í augnablikinu, og þar var kominn starfsmaður heimilisins, sem með ægilegu offorsi ætlaði að ganga yfir mig í dyrum heimilis míns, og það upphófust þarna mikil átök. Ég reyndi að hafa hurðina upp á hálfu gátt, og ég hélt henni með hægri hendi og hægri fæti og pressaði mig upp að vinstri dyrakarmi, hurðin opnast inn, og hann bæði setti fót fyrir innan þröskuld, hann spyrti fæti upp á miðjan dyrastaf til þess að þrengja sér inn í dyragættina. Hann tók á mér til þess að losa mig af hurðinni og af dyrastafnum, og ég get ekki sagt, hvað þetta stóð lengi yfir. Mér fannst þetta standa heila eilífið yfir. Nú, hurðin gekk þarna á milli okkar, og hann henti sér á hurðina, og þannig var þetta svona í grófum dráttum“. Hún kvaðst í upphafi hafa bannað gæslumanninum, Hannesi Guðrúnarsyni, að koma inn og ætlað að loka dyrunum, en hann hefði þá sett fótinn á milli stafs og hurðar. Kvaðst hún hafa reynt að halda við hurðina, m. a. með hægri hné. Hannesi hafi tekist að opna, en hún hafi hangið á honum og sparkað í hann. Eftir viðureignina við gæslumanninn í dyrunum kvaðst stefnandi hafa farið inn í eldhús, og hafi dóttir hennar verið hlaupin þaðan. Þórður hafi á þessum tíma verið búinn að rústa meira og minna öllu í eldhúsinu og eiginlega öllu heimilinu. Eldavélarhella hafi verið rauðglóandi, sírópsdós opnuð, hann hafi verið búinn að reykja sígarettu, byrjaður að drekka úr ediksflösku, haldið logandi kveikjara undir höku sér, og hann hafi staðið uppi á húsgögnum og hlaupið um allt hús skellihlajandi.

Stefnandi kvaðst hafa farið, eins og fyrirhugað hefði verið, að kvöldi umrædds dags til Hindisvíkur á Vatnsnesi, og það hafi ekki verið fyrr en hún steig upp í nokkuð háan ferðabíl þeirra hjóna, að hún fann mikinn stirðleika í hægri hné og hreyfihindrun. Hún starfar sem hjúrunarkona á slysa-

deild, og kvaðst hún hafa ákveðið að láta vinnufélagana ekki sjá sig, eins og hún var á sig komin, andlega og líkamlega buguð. Hún var spurð, í hvaða tilgangi hún hefði beðið eftir, að lögregla kæmi, með vísan til fyrri atburðar, er Þórður hafði komist inn til hennar, og hún þá leitt hann út úr húsinu. Hún svaraði því til, að svo mikið hefði verið búið að ganga á, og „ákvörðun okkar þess vegna, að við hættum sjálf að hringja á lögreglu eða leiða vistmenn út, og nú verður það þeirra verk, þessa starfsfólks, að hringja á lögreglu“. Hún kvaðst vera í 40% starfi, en áður allt að 70% starfi, og hefði það farið eftir þunga heimilis síns.

Vitnið Karl B. Guðmundsson á heima að Sæbraut 5, Seltjarnarnesi, þ. e. við hlið húss stefnanda. Hann kvaðst hafa séð út um glugga Guðrúnu fara með rusl út í sorptunnu, snúa við og hraða sér, því að í sömu andrá hefði einn vistmanna (meðferðarheimilisins) hlaupið yfir götuna og stefnt á dyrnar. Hann kvaðst ekki hafa náð að sjá til útihurðarinnar vegna steyptra stólpa við hvora hlið hennar. Vistmaðurinn hafi orðið á undan, en Guðrún rétt á eftir, og um leið hafi ein gæslukona hlaupið yfir götuna og kallað: „Þórður, Þórður“. Gæslukonan hafi komið síðust að dyrunum, en snúið frá, og þá hafi komið gæslumaður yfir götuna, og kvaðst hann hafa dregið þá ályktun af atburðum, að honum hefði ekki verið hleypt inn í húsið, því að heilmikill „bægslagangur“ hafi upphafist. Hann kvaðst hafa séð til handahreyfinga gæslumannsins. Kvaðst hann hafa ákveðið að fara og skakka leikinn, en er út á hlað kom, hafi gæslumaðurinn verið að snúa brott frá dyrunum. Hann fór síðan í hús stefnanda og beið komu lögreglu í um 15 mínútur. Hann kvað drenginn (Þórð) hafa ætt þar um með miklum hlátrasköllum og gripið eitt og annað og einkum vírst sækja í að bragða á því, sem hendi var næst, kveikt sér í sígarettu, sem hann kastaði glóandi í bréfabörfu, og þar fram eftir götunum. Hann kvað það fjarri lagi, að stefnandi hefði haldið Þórði inni í húsinu eða meinað honum að fara út.

Vitnið Aðalheiður Dagmar Matthíasdóttir var gestkomandi á heimili stefnanda umræddan dag. Hún kvaðst hafa staðið á stigapalli í beinni línu víð útidyrhurðina. Hún kvaðst muna eftir því, er Þórður hafi komið inn, hoppað inn gólfið og farið inn í eldhús. Hún kvað gæslumann hafa hringt dyrabjöllu. Ekki mundi hún eftir orðaskiptum, en stefnandi hafi reynt að skella á hann hurðinni, en hann sett fótinn fyrir. Hún kvaðst einkum hafa séð fætur hans og hendur, en aldrei manninn allan í einu. Stefnandi hafi reynt að halda hurðinni lokaðri, en hann ýtt á móti. Þau hafi hálfpartinn slegist þarna í dyrunum og hann notað hendur og fætur, en einhvern veginn hafi henni tekist að loka. Aðspurð, hvort stefnandi hefði reynt að halda Þórði inni í húsinu, sagði vitnið: „Nei, hún þurfti ekki að reyna það. Hann hafði engan áhuga á að komast út úr húsinu.“

Vitnið Ragnheiður Linda Skúladóttir kvað þau hafa verið í innkeyrslunni að Sæbraut 2, þrjá starfsmenn og þrjá vistmenn meðferðarheimilisins, er Þórður hljóp inn í anddyri Sæbrautar 3 og hún á eftir, en á milli þeirra hafi stefnandi verið. Hún kvaðst hafa numið staðar við þröskuldinn, ætlað að teygja sig eftir Þórði inn í anddyrið og sagt stefnanda, að hún gæti ekki hindrað sig í starfi, en þá hafi stefnandi ýtt sér frá og sagt sér að koma sér yfir og hringja á lögregluna. Stefnandi hafi staðið rétt fyrir innan þröskuldinn og Þórður fyrir aftan hana í anddyrinu. Stefnandi hafi síðan lokað útdyrnum, en til þess að geta það, hafi hún orðið að ýta Þórði aðeins lengra inn í húsið. Hún kvað sér sem og öðrum starfsmönnum meðferðarheimilisins hafa verið kunnugt um áðurgreint bréf stefnanda frá 20. maí 1991, og hefði hún aldrei farið inn á heimilið. Hún kvað Þórð ekki meta hættur í umhverfi, og þess vegna hefði sér fundist sér bera skylda til að gera það, sem í sínu valdi stæði, til að ná honum. „Hann er kannski hættulegur sjálfum sér fyrst og fremst, en ekki öðrum.“ Hún kvaðst telja, að stefnandi hefði getað leitt Þórð út án þess að lenda í átökum við hann.

4. Jónas Hallgrímsson læknir mat örorku stefnanda, sbr. svohljóðandi greinargerð hans, dags. 24. júní 1992:

„Guðrún slasaðist 7. 6. 1991. Samkvæmt eigin frásögn við undirritaðan og bókunum í sjúklingabókhaldi Heilsugæslustöðvarinnar á Seltjarnarnesi mun Guðrún hafa lent í átökum við gæslumenn af vistheimili, sem er á Sæbraut 2. Hafði einn vistmanna sloppið inn í íbúðarhús Guðrúnar, og kom gæslumaður á eftir honum og ætlaði að ryðjast inn í húsið. Guðrún varnaði honum þess og vildi, að hringt yrði á lögreglu til þess að fjarlægja vistmanninn. Fékk Guðrún af þessu ýmsa áverka, eins og fram kemur í bókunum frá Heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi, og meðal þeirra marblettir og eymsli og hálsrígur.

Aðaláverkin mun þó hafa orðið á hægra hné, og liggja fyrir þrjú vottorð Braga Guðmundssonar lækni, sérfræðings í bæklunarskurðlækningum, og eru vottorðin dagsett 9. 6. 1991, 29. 7. 1991 og að lokum ýtarlegt vottorð, dagsett 19. maí 1992.

Í vottorði Braga Guðmundssonar 19. maí 1992 segir svo:

„Ofangreindur sjúkl. hefur verið til meðferðar hjá undirrituðum frá 9. júní 1991. Það kemur fram, að hún hefur lent í átökum, er reynt var að ryðjast inn í hús hennar að Sæbraut 3. Varð hún fyrir áverka á hæ. hné. Við skoðun þá kvartaði hún um verk og eymsli innanvert á hæ. hné, og var hnéð bólgið. Tekin var röntgenmynd á Borgarspítala, sem sýndi talsverðan vökva í hnénu, og í framhaldi af því var gerð liðástunga tvisvar og tæmdur

út brúnleitur liðvökvi. Í framhaldi af þessu var gerð arthrographia, og sýndi hún rupturu framan til í mediala meniscnum. Einkenni sjúkl. löguðust ekki, og var hún því lögd inn á St. Jósefsspítala 8. júlí 1991. Þar var framkvæmd aðgerð 9. júlí og gerð arthrotomia og medial meniscectomia. Við inspectio á liðnum í aðgerðinni sést, að það er ruptura í miðjum substans mediala meniscsins, og nær hún svo langt aftur sem séð verður. Virðist því hér vera um bucket handle rupturu að ræða og meniscectomia framkvæmd í framhaldi af því. Við frekari skoðun að lokinni aðgerð kemur í ljós, að það er rifa eftir endilöngu, eins og áður var lýst. Aðrar breytingar voru ekki sjáanlegar í liðnum, og í lok aðg. var góður hemostasis og sárinu lokað á venjulegan hátt.

Postoperativur gangur var eðlilegur, og sjúkl. komst fljótt í gang með quadricepsæfingar, en lærvöðvar höfðu rýrnað nokkuð fyrir aðgerðina. Hún útskrifaðist til heimilis síns 12. 7., og fer saumataka fram 10 dögum síðar.

Sjúkl. hefur síðan kvartað undan verk í hnénu, og við skoðanir hefur maður fundið, að lærvöðvar eru rýrari hæ. megin. Þrátt fyrir nokkra þjálfun hefur henni enn ekki tekist að ná upp fullum styrk í hnénu og á erfitt með að læsa því í beinni stöðu.

Tekin er samanburðarmynd 7. maí 1992.

Hæ. hné með vi. til samanburðar ásamt standandi myndum. Það er eðlil. hæð á liðglufu í báðum hnjáliðum, og liðfletirnir eru skarpir og eðlil. Engar teljandi reactivar beinbreytingar við liðbrúnir eða merki um arthrosu. Hins vegar er beingerðin, einkum lateralt í tibia á condyl-svæðinu mjög flekkótt eins og við inactivitets osteoporosu, og sömuleiðis sjást osteoporosulíkir flekkir efst í tibia hæ. megin. Það er nokkur sláandi munur á milli hæ. og vi. hnés, hvað þetta snertir.

R: Flekkótt osteoporotisk beingerð í condylus-svæði femurs, einkum lateralt og í minna mæli efst í tibia, inactivites osteoporis?

Engar teljandi arthrosobreytingar. (Ó.Kj.)

Þá er einnig gert ísotopascann 8. maí, og segir í niðurstöðu þess:

Skannað er yfir öll bein nema efri útlimi.

Það sést vægt aukin upphleðsla diffust um hæ. hné og dálítið afmörkuð upphleðsla sést í femoro-patellarmótunum. Einnig er upphleðsla diffust að eins meiri niður eftir hæ. tibia en vinstri. Það sést dálítill sinistro-convex scoliosis.

Annað ekki athugavert.

Ályktun: Skannið samrýmist arthrosu í hæ. hné. Sú vægt aukna upphleðsla, sem kemur fram niður eftir hæ. tibia, getur stafað af mismunandi álagi á fætuna, annaðhvort vegna arthrosunnar í hnénu eða scoliosunnar.

Ekki merki um malignitet í beinum.

Niðurstaða: Sjúkl. var áður frísk í hnjám. Eftir að hún lenti í átökum í húsdryrum heimilis síns í júní 1991, kenndi hún strax mikilla verkja í hæ. hné. Rannsóknir á hnénu leiddu til þeirrar niðurstöðu, sem studd var arthrografi, að um rof væri á mediala menisc, enda kom slíkt í ljós við aðgerð, sem framkvæmd var 9. júlí 1991. Afturbati hennar hefur verið hægur, og hún er enn ekki búin að ná sér að fullu, nokkur quadricepsatrophia enn til staðar, og hún er ekki stabil í fullri extension í hnénu. Röntgenmynd nú 7. maí 1992 og ísotoparannsókn 8. maí sýna byrjandi arthrosis í hæ. hné. Sömuleiðis allnokkur inaktivitets osteoporosis.

Gera má ráð fyrir, að með töluverðri þjálfun muni sjúkl. geta náð sér nokkuð vel í hnénu. Þó má gera ráð fyrir, að slitbreytingar, sem þegar sést örla fyrir, komi mun fyrr í þetta hné en ella hefði orðið, hefði hún ekki lent í meiðslum þeim, sem hér hefur verið lýst. Sjúkl. hefur verið algjörlega óvinnufær frá slysdegi til 1. okt. 1991. Hún er enn ekki fullkomlega vinnufær, þolir ekki fullt álag á hnéd, og hefur þetta hindrað hana einnig í störfum hennar sem húsmóður. Lífsgæði hennar, hvort heldur er til starfa eða í frítíma, eru lakari en fyrir áfall þetta.“

Undirritaður átti viðtal við Guðrúnu og skoðaði hana á heimili hennar 16. 6. 1992.

Þegar Guðrún slasaðist, var hún í 40% starfi sem hjúkrunarfræðingur á slysa- og bæklunarlækningadeild Borgarspítalans. Hún var frá vinnu í þrjá mánuði og hóf síðan aftur fyrra starf.

Guðrún segist aldrei hafa fundið til í hnjám fyrir þetta slys og var von því að þola ýmist álag við líkamlega vinnu og útivist. Núna á hún erfitt með að ganga niður í móti, sérstaklega í stigum, en einnig í aflíðandi halla. Hún segist ekki þola að hlaupa né annað mikið álag á hnéd. Hún stirðnar í hnénu við að sitja og finnst óþægilegt að liggja á hnénu. Einnig kvartar hún undan óþægilegum dofa í húðinni utanvert á hægri hné.

Við skoðun er ör innanvert við hægri hnéskel eftir aðgerð. Eðlileg rétting er í hnénu, en nokkrar gráður vantar á, að full beygja náist í því. Greinileg rýrnun er á hægri læri miðað við það vinstra.

Niðurstaða.

Guðrún hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Hún fékk slæman hálsríg vegna tognunar, en hefur orðið góð af því. Liðþófi í hné rifnaði, og þurfti að fjarlægja hann, og nú hefur komið í ljós byrjandi slitgigt í hnénu, sem vafalítið mun vaxa jafnt og þétt úr þessu, þar sem álag á hnéd er ekki rétt. Þetta sést vel við athugun á röntgenmyndum, sem nú hafa sýnt beinbreytingar við hægri hné, sem ekki sáust á myndum, sem teknar voru skömmu eftir slysið.

Örorka Guðrúnar vegna slyssins er því metin sem hér segir:

frá slysinu í þrjá mánuði 100%

síðan varanleg örorka 15%.“

Endurskoðað örorkumat sama lækni, dags. 27. janúar 1994, hljóðar svo:

„Á grundvelli þess, að Guðrún hefur frá þessu örorkumati (24. 6. 1992, – innskot dómara) haft vaxandi álagsverki í hnénu, var leitað til tveggja sérfræðinga í bæklunarlækningum, Gunnars Þórs Jónssonar prófessors og Braga Guðmundssonar yfirlækni, og liggur fyrir sameiginlegt álit þeirra, dagsett 22. 12. 1993, en þar segir svo:

„Við undirritaðir, Bragi Guðmundsson yfirlæknir og Gunnar Þór Jónsson prófessor, höfum skrifað vottorð um áverka, er Guðrún Sverrisdóttir hlaut á hæ. hné 7/6 '91, og afleiðingar hans.

Samkvæmt beiðni Jónasar Hallgrímssonar prófessors höfum við undirritaðir átt viðtal við og skoðað Guðrúnu sameiginlega 14/12 '93 og gerum hér að neðan grein fyrir þeirri læknisskoðun og áliti okkar á heilsufari Guðrúnar ásamt framtíðarhorfum.

Viðtal. Guðrún kvartar yfir daglegum einkennum frá hæ. hné í formi verkja innanvert og framan til í liðnum. Sjúklingur fær verki við og eftir allt álag. Hún getur t. d. ekki gengið stiga án verulegra verkja, ekki skokkað, ekki sest niður á hækjur sér og getur því ekki unnið neina vinnu í krjúpanði stöðu. Sjúklingur fær þreytuverki jafnvel eftir styttri göngur og lengri stöður. Hún fær einnig þreytuverki við að aka bíl í innanbæjarakstri. Við núverandi aðstæður telur Guðrún útilokað, að hún geti unnið fullan vinnudag sem hjúkrunarfræðingur. Einkenni hafa versnað verulega frá vori '93.

Læknisskoðun. Sjúklingur gengur án hjálpartækja og án áberandi holti á jafnsléttu. Stígur með áberandi varúð í hæ. ganglim og gengur með fremur stuttum skrefum. Í stöðu leggur hún líkamspungann greinilega að mestu á viðganglim og stendur í fullrétt við. hné, meðan hún stendur í hæ. hné í 5° beygju. Sýnileg rýrnun er á lærvöðvum hæ. megin samanborið við viðganglim.

Ummál læra er:

	Hægra	Vinstra
15 cm ofan hnéskefjar	51,0 cm	52,5 cm
10 cm ofan hnéskefjar	45,5 cm	46,5 cm

Hæ. hné: Í réttstöðu mælist valgisstaða 3° (5° í viðganglim). Það er ekki vökvasöfnun í lið. Við þreifingu eru talsverð eymsli yfir liðbili innan fótar og yfir liðpoka innanvert við hnéskef. Engin eymsli yfir ytra liðbili eða utanvert við hnéskef. Það eru nokkur eymsli yfir sinafestum innanvert og neðan við hnéð (pes anserinus). Hreyfiferill er 0 – 135° (viðganglim 0 – 140°). Við stöðugleikapróf frá hlið til hliðar er vel merkjanlegur óstöðugleiki (varus instabilitet). Sams konar stöðugleikapróf í viðganglim er eðlilegt. Sagittal stöðugleiki er eðlilegur.

Álit á núverandi sjúkdómsástandi og horfum.

Rtg-rannsóknir, beinaskann og klinísk skoðun ásamt sögu sjúklings bendir ótvírætt til, að Guðrún hafi 1. stigs slitgigt (arthrosu) í medíala lið-hólfi og hnéskeljarlið h. hnés. Einkennin eru stöðug og hafa farið nokkuð hratt versnandi á sl. misseri. Þau valda greinilega verulegri minnkun á vinnugetu við störf hennar sem hjúkrunarfræðings svo og til starfa heima við ásamt minnkaðri getu til allra frítímaathafna.

Þar sem rannsóknir hafa óyggjandi sýnt fram á, að um krónískan sjúkdóm í hæ. hné sé að ræða, eru batahorfur til skamms og langs tíma slæmar. Sjúklingur er nú til meðferðar með bólgueyðandi lyfjum, sem draga lítillega úr einkennum. Gera má ráð fyrir hægt vaxandi slitbreytingum í hnéliðnum ásamt vaxandi einkennum á næstu árum. Hugsanlegt er að gera þurfi skurðaðgerðir seinna meir, en engar aðgerðir eru ráðgerðar nú á næstunni.

Telja má fullvíst, að rekja megi núverandi sjúkdómsástand í hæ. hné Guðrúnar til fyrrnefnds áverka, er hún varð fyrir 7/6 '91, þar sem sjúklingur hafðiengin einkenni frá hnénu fyrir þann tíma.“

Undirritaður átti tal við Guðrúnu á heimili hennar 24. janúar 1994.

Hún staðfestir þær upplýsingar, sem koma fram í ofangreindu vottorði lækna tveggja. Hún hefur stöðuga verki í hnénu, og vaxa þeir við allt álag, t. d. við setur, stöður og gang. Guðrún starfar í hálfu starfi á endurkomudeild slysadeildar Borgarspítalans, og er þar mikið vinnuálag, bæði stöður og hlaup, og verður hún oft svo slæm í hnénu, að hún haltrar. Ef hún þarf að vinna eitthvað aukalega, versnar ástandið tímabundið. Verkurinn í hnénu er mjög sár og líkist einna helst tannpínuverk.

Guðrún segist myndu auka starf sitt, ef hún gæti, þar sem nú hefur hægst um á heimili hennar. Vegna álagsverkjanna í hnénu treystir hún sér ekki til þess.

Ekki er gerð skoðun á Guðrúnu, þar sem fyrir liggur ný skoðun sérfræðinganna hér að ofan, og er stuðst við hana.

Niðurstaða.

Ljóst er, að örorka Guðrúnar er meiri en talið var í upphafi. Hún hefur slæma álagsverki í hnénu og slitbreytingar auk stöðuskekkju og óstöðugleika. Gera verður ráð fyrir vaxandi slitbreytingum í hnénu ásamt vaxandi einkennum á næstu árum.

Af þessum sökum er varanleg örorka Guðrúnar talin hafa aukist, enda einkenni hennar vaxandi. Fyrra örorkumat undirritaðs stendur til ársloka 1993, en frá og með 1. janúar 1994 telst örorka Guðrúnar vera 25% varanleg á grundvelli töluverðrar og vaxandi slitgigtar í hnénu.“

Hinn 26. ágúst 1993 kvað rétturinn upp úrskurð þess efnis, að leita skyldi rökstudds álits lækna ráðs um eftirfarandi:

„1. Telur lækna ráð, að stefnandi hafi getað orðið fyrir því rofi á liðþófa, sem lýst er í vottorði Braga Guðmundssonar læknis frá 19. maí 1992 og rakið er í örorkumati á dskj. nr. 26, að morgni 7. júní, án þess að þessi meiðsl hefðu verið komin í ljós við áverkaskoðun síðdegis sama dag, sbr. dskj. nr. 15?

2. Fellst lækna ráð á, að örorka sú, sem stefnanda er metin í örorkumati á dskj. nr. 26 vegna meiðsla á hægra fæti, verði rakin til þess, að hún hafi fengið hurðina í hnéð að morgni 7. júní 1991?

3. Ef ekki, hverja telur lækna ráð vera tímabundna og varanlega örorku stefnanda vegna stimpinga með hurðina?

4. Fellst lækna ráð á, að örorka sú, sem stefnanda er metin í örorkumati á dskj. nr. 26 vegna meiðsla, verði rakin til stimpinga að morgni 7. júní 1991?

5. Hverjar telur lækna ráð vera afleiðingar stimpinganna í heild fyrir heilsu stefnanda?“

Álit lækna ráðs frá 12. febrúar 1994 er svohljóðandi:

„Ad. 1. Já.

Ad. 2. Örorku stefnanda, eins og hún kemur fram í dómskjali nr. 26, má rekja til áverka á hné.

Ad. 3. Lækna ráð fellst á örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 24. júní 1992.

Ad. 4. Sjá svar við 2.

Ad. 5. Lækna ráð hefur ekki forsendur til að meta afleiðingar áverkans í heild fyrir heilsu stefnanda aðrar en fram koma í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis frá 24. júní 1992.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur var fenginn til að reikna út örorkutjón stefnanda á grundvelli hins endurskoðaða örorkumats. Áætlun hans, dags. 12. 4. 1994, er við það miðuð, að tap vegna slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna (fram taldar launatekjur 1988–1990) og örorka er metin.

Niðurstaða:

„Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar 100% örorku	kr.	225.500
– varanlegrar 15% og 25% örorku	–	2.580.400
Samtals	kr.	2.805.900

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 154.800 kr.

Á heimili Guðrúnar voru samkvæmt skattframtölum tvö börn, fædd 1977 og 1980. Þegar svo stendur á, áætla ég tekjur vegna heimilisstarfa, ef þau

eru stunduð eingöngu, sem laun eftir þrjú ár samkvæmt fastlaunasamningi Íðju, félags verksmiðjufólks, fyrir starfsfólk í matvælaíðnaði. Það eru nú 50.123 kr. á mánuði eða 601.500 kr. á ári. Á þeirri forsendu verður höfuðstólsverðmæti tekjutaps vegna heimilisstarfa á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	149.000
– varanlegrar örorku	–	1.704.700
Samtals	kr.	1.853.700

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 12/4 1994 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (6% frá slysdegi, 7% frá 1/8 '91, 4% frá 11/10 '91, 3,75% frá 1/11 '91, 3,5% frá 21/11 '91, 3% frá 1/12 '91, 2,5% frá 1/2 '92, 2% frá 11/2 '92, 1,25% frá 21/3 '92, 1% frá 1/5 '92, 1,25% frá 11/8 '93 og 0,5% frá 11/11 1993). – Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 5,52% -. Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu árána 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.“

5. Af hálfu stefnanda er talið, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni hennar á grundvelli reglunnar um bótaábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. Byggist ábyrgðin annars vegar á beinni sök félagsmálaráðherra, með því að hann hafi látið halda starfseminni að Sæbraut 2 áfram, eftir að í ljós var komið, að hætta væri á árekstrum af því tagi, sem urðu 7. júní 1991, og eftir að hafa fengið bréfið frá stefnanda og eiginmanni hennar 20. maí 1991, þar sem þau banna starfsmönnum meðferðarheimilisins aðgang að lóð Sæbrautar 3. Hins vegar byggist ábyrgðin á sök starfsmannsins, sem beitti ofbeldi við að reyna að brjóta sér leið inn á heimili stefnanda gegn banni hennar. Fjárhæð dómkrafna er aðallega reist á örorkutjónsútreikningi Jóns Erlings Þorlákssonar, dags. 12. 4. 1994, sem lagður var fram í málinu 4. maí sl. Auk hlutastarfs utan heimilis hafi stefnandi haldið heimili fyrir sjálfa sig, eiginmann sinn og tvær dætur og bóta krafist vegna hvors tveggja starfanna. Það hafi verið til þess fallið að auka miska hennar, að tjón hennar varð við, að friðhelgi heimilis hennar hafi verið rofið með grófum hætti, eftir að hún hafði sjálf gert ítrekaðar tilraunir til að hindra slíkt. Þetta hafi lagst mjög þungt á hana og valdið henni langvarandi andlegri kvöl.

Málsástæður og lagarök stefnda eru í meginatriðum sem hér greinir:

Atburðir þeir, sem um ræðir í málinu, hefðu aldrei gerst, ef stefnandi hefði sjálf sýnt þá lágmarkstillitssemi að láta það bíða örstutta stund að fleygja ruslinu, uns Þórður og annað heimilisfólk að Sæbraut 2 var horfið á brott, og að minnsta kosti að skilja ekki eftir opið inn í hús, sem hún vissi,

að gat verið þessum dreng freisting. Erindagerð Hannesar, er hann fór og knúði dyra hjá stefnanda til að freista þess að fá drenginn afhentan, var lög-mæt og áhyggjur starfsmanna af velferð drengsins inniluktum í framandi umhverfi réttmætar. Viðbrögð stefnanda, sem er hjúkrunarfræðingur, við því óhappi, að Þórður skyldi komast alla leið inn í hús hennar, voru bæði ámælisverð og ólög-mæt. Hún svipti löglega aðila umsjá ósjálfráðs drengsins og svipti hann frelsi. Fellur þetta athæfi hennar undir verknaðarlýsingu 106. gr., 193. gr., 225. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga. Með því að hafna afhendingu drengsins átti stefnandi sjálf upptök að og sök á því, að stimp-ingar urðu með hurðina. Er ekki unnt að fallast á, að þau viðbrögð Hannesar að setja fót milli stafs og hurðar og ýta á móti til að freista þess að tala um fyrir stefnanda og fá aflétt frelsisskerðingu drengsins, hafi gengið lengra en heimilt var. Varakrafa stefnda er á því reist, að eigin sök stefnanda eigi að minnsta kosti að leiða til þess, að hún verði látin bera tjón sitt að mestu leyti sjálf. Því er mótmælt sem ósönnuðu, að stefnandi hafi hlotið nein þau meiðsl á hægri fæti í stimpingum með hurðina, sem örorka sú, sem henni hefur verið metin, verði rakin til. Ekki fái staðist, að hún hafi getað orðið fyrir þeim meiðslum, að liðþófi rifnaði í innanverðu hægri hné, án þess að finna strax fyrir því, og að marblettur myndaðist. Miskabótakröfu er mótmælt sem allt of hárrí. Kröfu um bætur miðað við heimilisstörf í fullu starfi til viðbótar bótum vegna launaðs starfs er mótmælt. Kröfum um bætur fyrir tímabundna örorku er mótmælt, þar sem ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir neinum launamissi á því tímabili. Þá beri að virða hagræði ein-greiðslu og skattfrelsi til lækunar bóta. Upphafstíma dráttarvaxta er mótmælt, sbr. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

6. Í dómi þessa réttar 14. 1. 1993 í máli nr. HE – 605/1991 urðu lyktir þær, að stefndi, félagsmálaráðherra vegna meðferðarheimilisins að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, var sýknaður af kröfum stefnanda máls þessa og eiginmanns hennar um, að honum yrði dæmt óheimilt að starfrækja heimilið og skyld að leggja starfsemina niður. Bótaábyrgð stefnda verður ekki reist á starfrækslu meðferðarheimilisins einni sér.

Vætti Ragnheiðar Lindu Skúladóttur þess efnis, að stefnandi hafi orðið að ýta Þórði Jónssyni lengra inn í húsið til að loka útidyrnum, fær ekki staðist. Stefnandi stóð við hurðina innanverða, en Þórður var fyrir aftan hana, innar í húsinu. Þá er ekki fram komið, að stefnandi hafi haldið Þórði inni eða varnað honum útgöngu.

Af gögnum málsins, einkum lækisfræðilegum, er ljóst, að meiðsl stefnanda, sem leiddu til örorkutjóns hennar, hlutust af stimpingum hennar og Hannesar Guðrúnarsonar, starfsmanns Meðferðarheimilis ríkisins fyrir ein-

hverfa unglínga að Sæbraut 2, Seltjarnarnesi, við útidyrhúð heimilis hennar. Þrátt fyrir bann hennar og eiginmanns hennar við því, að starfsfólk heimilisins færi inn á lóðina, heldur skyldi það kalla til lögreglu í tilvikum sem því, er hér um ræðir, reyndi Hannes að ryðjast inn í húsið Sæbraut 3 til að ná í Þórð Jónsson. Aðför Hannesar og valdbeiting, er stefnandi varnaði honum inngöngu, var saknæm, en ekki verður talið, að Þórði hafi verið búin yfirvofandi hættu eða að slík hættu stafaði af honum. Í því efni er á það að líta, að hann hafði áður iðulega orðið laus úr gæslu og þá m. a. komið inn á lóð og jafnvel inn í húsið Sæbraut 3. Í umrætt sinn varð töf á því, að lögregla yrði til kvöð vegna tilrauna starfsfólks meðferðarheimilisins til að ná í piltinn. Samkvæmt þessu og með vísan til reglu skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna verður fébóta-ábyrgð á tjóni stefnanda lögð á stefnda, og er ekki fallist á, að hún eigi að bera að hluta ábyrgð á tjóninu vegna eigin sakar.

Stefnandi sundurliðar þannig fjárhæð bótakröfu sinnar:

1. Tapaðar vinnutekjur (v. tímabundinnar og varanl. örorku)	kr. 2.805.900
2. Töpuð lífeyrisréttindi	„ 154.800
3. Tjón vegna heimilisstarfa	„ 1.853.700
4. Miskabætur	„ 500.000

Um 1. og 2. Stefnandi hefur eigi þrátt fyrir mótmæli af hálfu stefnda fært fram sönnur að því, að hún hafi orðið fyrir launamissi fyrstu þrjá mánuði eftir slys, þegar örorka hennar er metin 100%. Verður ekki fallist á þann hluta kröfunnar, sem að þessu lýtur, 225.500 krónur. Við mat á tjóni vegna varanlegrar örorku verður byggt á fram lögðu örorkumati, sem eigi hefur verið hnekk, svo og á framangreindum örorkutjónsútreikningi. Að teknu tilliti til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum liðum hæfilega ákveðið 2.200.000 krónur.

Um 3. Í örorkutjónsútreikningi kemur fram um þennan lið, að miðað sé við tekjur vegna heimilisstarfa, svo sem þau væru stunduð eingöngu. Öðrum þræði og að stærstum hluta er hins vegar miðað við launatekjur vegna starfa utan heimilis. Með vísan til þessa svo og heimilishaga stefnanda, sem er gift og móðir tveggja barna, fæddra 1977 og 1980, verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina.

Um 4. Tjón vegna miska þykir að virtri sjúkrasögu stefnanda og framtíðarhorfum hæfilega metið 300.000 krónur.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón stefnanda samtals 2.500.000 krónum (2.200.000 + 300.000). Verður stefndi dæmdur til að greiða henni þá fjárhæð

með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, og málskostnað, sem ákveðst 500.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og útlögðum kostnaði við gagnaöflun, 72.535 krónum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Guðrúnu V. Sverrisdóttur, 2.500.000 krónur með ársvöxtum eins og hér greinir: 6% frá 7. júní 1991 til 1. ágúst s. á., 7% frá þeim degi til 11. október s. á., 4% frá þeim degi til 1. nóvember s. á., 3,75% frá þeim degi til 21. nóvember s. á., 3,5% frá þeim degi til 1. desember s. á., 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. febrúar s. á., 2% frá þeim degi til 21. mars s. á., 1,25% frá þeim degi til 1. maí s. á., 1% frá þeim degi til 11. ágúst 1993, 1,25% frá þeim degi til 11. nóvember s. á. og 0,5% frá þeim degi til 4. maí 1994, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.
